

Sþ.

400. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á fjárhag þjóðarinnar.

Flm.: Jón Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fyrir næsta þing rannsaka fjárhag og fjármálakerfi þjóðarinnar, til undirbúnings heilbrigðari fjármálastjórn en verið hefir að undanfögnu.

Þetta sé einkum athugað:

1. Hverjar hafa síðustu árin verið framleiðslutekjur þjóðarinnar á ári, að frádregnum atvinnurekstrarkostnaði.
2. Hve mikill hluti af þjóðinni vinnur framleiðslustörf.
3. Hve miklar eru arðberandi eignir landsmanna.
4. Hve miklar eru skuldir þjóðarinnar alls við útlönd, og hve mikið landsmenn skulda peningastofnunum og viðskiptafyrirtækjum innanlands.
5. Hve mikill er rekstrarkostnaður á ári:
 - a. Hjá ríkinu og stofnunum þess.
 - b. Hjá bæjar- og sveitarfélögum og fyrirtækjum þeirra.
 - c. Hjá peningastofnunum.
 - d. Hjá samgöngufyrirtækjum.
 - e. Hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem annast verzlunina í landinu.

Greinargerð.

Hagfræði okkar þjóðar er mjög ófullkomin, og er rík þörf að bæta þar mikið úr. Ríkið og önnur opinber félagsstarfsemi hefir á síðari árum tekið meira og meira í sínar hendur af fjármálastarfi þjóðarinnar. Vald og áhrif einstaklinganna og fyrirtækja þeirra hefir að sama skapi minnkað. Þetta hefir orsakað sívaxandi skatta og tolla og sívaxandi skuldir innanlands og utan. Mikill hluti þjóðarinnar og mikill hluti alþingismanna telur þetta nauðsynlegt og rétt, að fjárhagurinn sé í sæmilegu lagi, og svona eigi þetta að vera. Ég og margir aðrir telja hinsvegar, að við séum á háskalegri glötunarleið fjárhagslega og hrun og vandræði séu á næstu grösun, hvenær sem eitthvað ber út af. Margir eru svo hjartsýnir að telja víst, að okkar þjóð dragi marga feita drætti í happdrætti ófriðarheimskunnar, og því sé öllu óhætt. Mér er ljóst, að gæfan hefir verið okkur hliðholl í þessu efni á síðustu mánuðum. Þannig getur orðið áfram, og óskandi, að svo verði, en allt virðist mér benda til þess, að meginhluti þeirra fjármuna, sem okkur kunna að hlotnast á þennan hátt, verði gerður að eyðslueyri, en lítið notað til þess að borga skuldir eða tryggja fjárhagsaðstöðu landsmanna í þeirri ægilegu fjárhagskreppu, sem hlýtur að taka við að ófriðnum loknum. En til þess að ekki sé áfram ríkjandi sú óvissa um allan fjárhag, sem verið hefir, og til þess að þeir menn, sem hafa mismunandi skoðanir í þessu efni, hafi glöggar upplýsingar og fastan grundvöll á að byggja, þá tel ég nauðsynlegt að athuga til hlítar þau atriði, sem þessi þingsályktunartillaga fjallar um. Okkur er ósamboðið að vaða í því efni í villu og svíma lengur en orðið er. Við eigum að hafa það ljóst fyrir, hve mikil gjöld framleiðsla þjóðarinnar þolir í meðalári. Það skapar heilbrigðan grundvöll til að byggja það á, hve skattar og tollar mega vera háir, hve há laun og hve hátt kaupgjald er hægt að borga o. s. frv. — Sú athugun, sem tillagan fer fram á, þarf lítið að kosta. Ríkið hefir í þjónustu sinni fjölda manna á föstum launum, sem hafa lítið að gera og gætu án aukaborgunar athugað þau atriði, sem tillagan fjallar um. Þau er að mestu leyti hægt að fá upp úr skattaframtölum og reikningum þeirra aðila, sem um er að ræða. Það, sem til vantar, verður hagstofan að fá upplýst hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum, sem hlut eiga að máli. Allar þessar upplýsingar verða, ef Alþingi vill vera vakandi, að liggja fyrir í byrjun næsta þings. Að vinna úr því er hvorki flokksmál eða stéttarmál, heldur alþjóðar hagsmunamál.